

## Ný-útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um viðauka við og breyting á lögum 14. janúar 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, undirskrifuð af konungi 1. apríl 1896. (A. nr. 9, bls. 30 og 32, þýðing á bls. 31 og 33).

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjaldgengi útlendra peninga í jarðabókarsjóð.** — Út af erindi landfógetans á Íslandi, er þjer, herra landshöfðingi, senduð hingað með þóknanlegu brjefi, dags. 21. nóv. f. á., þar sem hann hefur sýnt fram á, að æskilegt sje, að ákvarðanirnar í brjefi innanríkisstjórnarinnar 12. apr. 1854 um viðtöku útlendra peninga í jarðabókarsjóð sjeu úr gildi felldar, og í þeirra stað settar nýjar reglur, sniðnar eptir breytingum þeim, er á eru orðnar, hefur ráðaneytið ályktað samkvæmt tillögum landfógeta, er þjer hafið mælt fram með, að fella fyrir mæli tjeds brjefs úr gildi, og er í þess stað ákveðið það, er nú skal greina:

1. Í jarðabókarsjóð má veita viðtöku uppi skyldugjöld frá innheimtumönnum landssjóðs þeim útlendu gjaldmiðlum, er hjer segir:

Norskum og sænskum ríkisbankaseðlum, og enskum og frakkneskum bankaseðlum, enskum og frakkneskum gullpeningum svo og gullpeningum frá öðrum löndum, sem eru í hinu latneska, þýska eða rússneska myntsambandi, allt þó því að eins, að það ekki komi í bága við hagsmuni landssjóðs, og eptir því gangverði í hvert skipti sem gjaldmiðlar þessir hafa á Íslandi.

2. Öðrum útlendum seðlum, gull-, silfur- og koparpeningum er ekki veitt viðtaka frá gjaldheimtumönnum í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og frá gjaldheimtumönnum, sem eiga heima lengra burtu, einungis til víxlunar í landsbankanum fyrir það verð, er í hvert skipti er gefið þar.

Landshöfðingja skal heimilt að gjöra þær breytingar á þessum ákvörðunum, er síðar mættu álitast við eiga.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B—deild Stjórnartíðindanna og á þann hátt, er yður að öðru leyti mætti hentugt þykja.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suduramtinu og vesturamtinu um sveitfesti þurfalings.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 27. f. m., og þar með fylgjandi erindi frá bæjarfógetanum í Reykjavík, þar sem hann fyrir hönd fátækraneðndarinnar í Reykjavík áfrýjar til mín úrskurði amtsins, dags. 19. desbr. f. á., er ákveður að Ólafur Guðmundsson í Garðhúsum við Reykjavík skuli álitast sveitlægur í Reykjavík, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg er yður samdóma um, að fátækraneðnd Reykjavíkur, sem er fæðingarsveit tjeds Ólafs, hafi ekki fært nægar sannanir fyrir því, að hann hafi dvalið í Seltjarnarneshreppi eða annarsstaðar 10 ár samfleytt eptir 16 ára aldur, og að hann verði því ekki álitinn hafa unnið sjer sveitfesti neinstaðar utan fæðingarsveitarinnar. Úrskurður yðar, er að framan er nefndur, skal því óraskaður standa.

26. dag maímán. 1896.